

4. BEKKUR

VETURINN 2009- 2010



Ágætu foreldrar/forráðamenn

Við bjóðum ykkur velkomin til samstarfs. Skólastarfið er stór þáttur í lífi barna ykkar og það skiptir miklu máli að þeim líði vel í skólanum. Gott samstarf heimila og skóla stuðlar að vellíðan og árangri nemenda og viljum við hvetja ykkur til að sýna námi barna ykkar áhuga og aðstoða þau eftir þörfum. Í skólanum er sú regla að við leyfum hverjum sem er að vera með okkur og leika við okkur en það er einnig mjög mikilvægt að foreldrar hjálpi börnum sínum við vinatengsl eftir að skóla lýkur.

Heimanámsverkefni fá nemendur á mánudögum og þeim á að skila á föstudögum, hægt er að biðja um frest fram á mánudag. Daglegur lestur verður áfram hluti af heimanámi. Á fjölskylduvef Mentors verður hægt að lesa um heimanámið og það starf sem fram fer í skólanum. Athygli skal vakin á því að skólalagatal, skólareglur og aðrar upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans.

Skólaárinu er skipt í tvær annir. Viðtöl fóru fram í byrjun skólaárs. Í janúar verða aftur viðtöl, þar verður m.a. farið yfir markmið sem sett voru í haust og námsmat afhent.

Skólaárinu lýkur síðan með námsmati í byrjun júní.

Haldið verður áfram að vinna með SMT skólafærni. Henni er ætlað að skapa gott andrúmsloft í skólanum og draga úr óæskilegri hegðun. Hrósað er fyrir jákvæða hegðun og viðbrögð starfsmanna við óæskilegri hegðun samræmd.

Mikilvægt er að nemendur mæti stundvíslega í skólann, tilkynna þarf í upphafi skólalags ef nemendur eru veikir. Óski foreldrar eftir leyfi fyrir nemendur skulu þeir snúa sér til umsjónarkennara eða skólalagastjóra. Athugið að öll leyfi eru á ábyrgð foreldra/forráðamanna.

Við vonumst til að nemendum okkar líði vel í vetur og að þeim finnist skólinn vera öruggur og notalegur samastaður í leik og starfi.

Sigríður Garðarsdóttir, netfang: [sigggag@akmennt.is](mailto:siggag@akmennt.is)

Sigrún Sæmundsdóttir, netfang: sigs@akmennt.is

Rannveig Heimisdóttir sérkennari, netfang: rannveig@akmennt.is

Hafdís Kristjánsdóttir deildarstjóri yngri deildar, netfang: hafdisk@akmennt.is

Heimasíða skólans: www.siduskoli.is

Fjölskylduvefur Mentors: www.mentor.is

Bekkjarkennarar kenna allar námsgreinar í sínum bekk nema annað sé tekið fram.

Íslenska

Bókmenntir og lestur

Aðaláherslur: Markmiðið er að nemendur geti lesið skýrt, skilið lesinn texta, svarað spurningum úr því sem þeir lesa og að þeir lesi sér til ánægju bækur að eigin vali. Nemendur kynnist mismunandi bókmenntatextum svo sem þjóðsögum, ævintýrum, goðsögum, dæmisögum og skopsögum. Þeir læri hvað er persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok.

Kennsluhættir: Þjálfaður er bæði hljóð- og raddlestur. Daglega lesa nemendur í skólanum og lesa þá ýmist í hljóði, upphátt fyrir bekkinn, fyrir kennara eða hverjir fyrir aðra í fámennum hópum. Unnið verður með gagnvirkan lestur í bókmenntum og öðrum greinum. Kennari les bækur fyrir bekkinn og efni þeirra er rætt. Valdir eru fjölbreyttir textar og sögur eftir innlenda og erlenda höfundum. Nemendur fara reglulega á bókasafn, velja sér bækur til lestrar heima og í skólanum. Einnig eru bókmenntaverkefni unnin á bókasafni í samvinnu við bókasafnskennara.

Ljóð verða lesin, rædd, myndskreytt, sungin og stundum skrifuð.

Námsefni: Lestrarbækur við hæfi hvers og eins bæði frá kennara og sem nemendur velja af skólasafni. *Lesum saman, Völusteinn, Óskasteinn, Skinna lesbók og vinnubók, Ljóðsprotar*, lesskilningsverkefni, fræðibækur, lesbækur úr öðrum námsgreinum og ýmis kennsluforrit.

Uppákomur og heimsóknir: Dagur íslenskrar tungu, heimsókn á Amtsbókasafnið. Stefnum að því að fá rithöfund í heimsókn. Lestrarkeppni verður haldin í febrúar og mars milli 4. og 5. bekkja í Síðuskóla. Viðurkenningar og verðlaun verða veitt í lok keppinnar.

Heimanám: Nemendur lesa daglega heima fyrir einhvern fullorðinn. Lesnar blaðsíður á að skrá í stílabók. Stundum fá nemendur ljóð til að læra utanbókar, skrifa upp í ljóðabók og myndskreyta.

Námsmat: Umsögn er gefin við annaskipti. Hún byggist á frammistöðu nemandans á lesskilningsprófum og hversu mörg atkvæði eru lesin á mínútu. Jafnframt er tekið tillit til framfara, áhuga og heimalestrar nemandans. Lesskilningspróf eru lögð fyrir í janúar og maí. Leshraði er kannaður í upphafi skólaárs, nóvember, janúar og maí.

Viðmið í námsmati í lestri:

Í janúar:

S 0 – 109 atkvæði.
NG 110 - 129 atkvæði.
G 130 – 179 atkvæði.
MG 180 atkvæði eða meira.

Í maí:

S 0 – 129 atkvæði.
NG 130 - 169 atkvæði.
G 170 – 219 atkvæði.
MG 220 atkvæði eða meira.

Kennslustundafjöldi á viku: 3.

Málfræði

Aðaláherslur: Að nemendur þekki samheiti og andheiti, samsett orð og ósamsett, þekki sérhljóð og samhljóð. Nemendur læri stafrófið og geti rætt orðum í stafrófsröð. Nemendur þekki nafnorð og geri greinarmun á sérnöfnum og samnöfnum, greini kyn, eintölu og fleirtölu og kunni að fallbeygja. Þekki sagnorð og greini nútíð og þátíð. Þekki lýsingarorð, geti stigbreytt þau og fallbeygt í eintölu og fleirtölu. Nemendur vinni með orðtök og málshætti og þekki nokkrar algengar skammstafanir.

Kennsluhættir: Ný málfræðiatríði lögð inn einstaklingslega eða í hópum. Af og til er rifjað upp og ný atríði kennd fyrir allan bekkinn. Nemendur fá námsefni við hæfi, þeir vinna eftir sinni getu, aðstoða hver annan og leiðrétta vinnu sína saman.

Námsefni: *Skinna 1*, lestrarbók og vinnubók, *Málrækt 1*, *Móðurmál 1*, verkefni er tengjast byrjendalæsi og „orð af orði“, *Verkefni við réttitunarorðabók*, orðabækur og verkefni frá kennara.

Heimanám: Öðru hvoru fá nemendur málfræðiatríði til þjálfunar. Sú vinna er ýmist í formi munnlegra æfinga, vinnu í vinnubækur eða ljósrituð æfingablöð eða verkefni.

Námsmat: Byggt er á stöðugu eftirliti með vinnu nemenda í samræmi við þau markmið sem sett eru. Símat og kannanir við annaskipti. Fylgst er með vinnusemi, vinnubrögðum og frágangi.

Kennslustundafjöldi á viku: 2.

Ritun og skrift

Aðaláherslur: Að nemendur semji og riti texta frá eigin brjósti, lýsi hlutum og athöfnum og geti skráð framvindu og niðurstöður í verkefnum sem þeir hafa unnið. Nemendur geti einnig afritað texta, svo sem ljóð og skrifað einfaldan texta eftir upplestri. Nemendur þekki stafsetningarreglur um stóran og lítinn staf, einfaldan og tvöfaldan samhljóða, reglur um ng-nk, algeng y – ý orð og geti nýtt sér minn og mín regluna til að vita hvenær á að skrifa n og nn. Að nemendur skrifi tengda ítaliúskrift, noti hjálparlinur og staðsetji há- og lágstafi rétt á línu. Lögð er áhersla á vandvirkni og góðan frágang.

Kennsluhættir: Nemendur rita í sögubók. Efni er ýmist sótt í upplifun nemenda sjálfra, umræður sem hafa átt sér stað í bekknum eða heimildavinnu þegar nemendur finna upplýsingar í fræðibókum. Nemendum er kennt að nota hugtakakort við vinnu sína og þeir hvattir til sjálfstæðra vinnubragða. Í upphafi vetrar verður lögð áhersla á að rifja upp stafdrætti og tengingar. Nemendum sýnt á töflu og þeir skrifa síðan í Rauðku. Nemendur skrifa eftir strimlum í Rauðku. Kennari metur og aðstoðar hvern og einn eftir þörfum og fylgist með hvernig nemendur skrifa í skrifarbækur.

Námsefni: Sögubók, *Skrift 4-A og 4-B, Skrift æfingabók 1 – Rauðka, skriftarstrimlar, Ás, Tvistur, Pristur, Fjarki.*

Heimanám: Nemendur skrifa sögu eða frásögn í sögubók. Nemendur skrifa heima því sem næst vikulega í skrifarbók eða sögubók.

Námsmat: Umsögn við annaskipti. Hún byggist á vandvirkni, framförum, hvernig dregið er til stafs, vinnusemi og skriftarkönnunum sem lagðar eru fyrir í janúar og maí. Í sögugerð er sjálfstæði nemenda metið sem og hugmyndaauðgi, frágangur og hvort farið er eftir helstu stafsetningarreglum. Við annaskipti er Axton Index stafsetningarpróf lagt fyrir.

Kennslustundafjöldi á viku: 2.

Talað mál og hlustun

Aðaláherslur: Að nemendur flytji texta af ýmsum gerðum skýrt og áheyrilega, skýri frá atburðum og hlutum í samhengi, skýri frá eigin tilfinningum og skoðunum og geti rökstutt mál sitt. Lögð er áhersla á að nemendur hlusti hver á annan. Að nemendur hlusti á upplestur af ýmsum toga og geti svarað spurningum eða endursagt efni sem hlustað hefur verið á. Þeir fylgist með og taki þátt í umræðum, hlusti á og fari eftir munnlegum fyrirmælum kennara. Horfi á fræðslu- og skemmtiefni með athygli og þjálfist í að vinna úr upplýsingum sem þar koma fram. Þekki fróðleik svo sem þulur og þjóðsögur.

Kennsluhættir: Samþætt við aðra þætti íslensku auk lífsleikni og samfélagsfræði.

Námsmat: Ekki metið sérstaklega.

Kennslustundafjöldi á viku: Fléttað inn í aðra námsþætti íslenskunnar og aðrar námsgreinar þar sem við á.

Stærðfræði

Aðaláherslur: Lögð verður áhersla á að tengja stærðfræðina við daglegt líf nemenda. Nemendur vinni fjölbreytt verkefni sem æfa þá í samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu. Nemendur læri margföldunartöfluna. Nemendur vinni með mælingar og skilji hugtökin flatarmál, ummál og rúmmál. Einnig vinni nemendur verkefni í tölfræði og með mismunandi horn og hyrninga. Nemendur læri um almenn brot, geti námundað að tug og hundraði og vinni með hnitakerfi. Orðadæmi og þrautir verða fastir liðir í kennslunni sem og þjálfun í notkun vasareikna.

Kennsluhættir: Kennari útskýrir viðfangsefnið í upphafi tímans og aðstoðar nemendur við námið ýmist einstaklingslega, í pörum eða hópum. Lögð er áhersla á hlutbundna vinnu þar sem nemendur

vinna mikið með áþreifanlega hluti s.s. mælitæki, talnagrindur, kennslupeninga og kubba af ýmsum gerðum. Einnig er lögð áhersla á að kennslan tengist daglegu lífi nemenda og að þeir ræði um viðfangsefnið, geti rökstutt útreikninga sína og skilið hvernig aðrir fara að.

Námsefni: *Eining 7 og 8, Línan 5–7, Viltu reyna, Í undirdjúpunum, Við stefnum á margföldun, Við stefnum á deilingu, Verkefni með vasareikni, Merkúrísus, Húrrahefti*, ýmis tölvuforrit, bækur Helgu Sigurjónsdóttur, námsefni af skólavef og Multi-Gyldendal.no og annað stærðfræðiefni við hæfi hvers og eins.

Uppákomur og heimsóknir: Næsta nágrenni skólans verður nýtt til ýmissa stærðfræðiverkefna. Dagur stærðfræðinnar í febrúar.

Heimanám: Vikulega fá nemendur heimaverkefni í stærðfræði. Ýmist eru það ljósrituð verkefni, stærðfræðiprautir, *Línan* eða *Verkefni fyrir vasareikni*. Nemendur geta unnið heima að vild í *Í undirdjúpunum, Viltu reyna* – bókunum, *Við stefnum á margföldun* og *Við stefnum á deilingu*.

Námsmat: Námsmatskannanir með *Einingu* eru lagðar fyrir þrisvar sinnum á hvorri önn og símat þar sem vinna nemenda og verkefni eru metin.

Kennslustundafjöldi á viku: 5.

Samfélagsgreinar

Landafræði

Aðaláherslur í landafræði: Að nemendur auki þekkingu á landi sínu og umhverfi og hvernig það mótar búsetu, líf og störf fólks. Nemendur læri um sögufræga staði á Íslandi.

Saga

Aðaláherslur í sögu: Nemendur læri um lífið á Íslandi fyrir og nú og fái innsýn í lifnaðarhætti fyrri kynslóða, fjölskyldugerðir, híbýlahætti og verkaskiptingu. Nemendur beri saman aðstæður og lifnaðarhætti nútímafjölskyldna við það sem tíðkaðist á fyrri hluta síðustu aldar.

Kennsluhættir: Í upphafi hvers viðfangsefnis gera nemendur hugtakakort í vinnubók sína. Nemendur og kennari skoða og lesa kennslu- og fræðibækur, horfa á myndbönd, nota kennsluforrit, leita heimilda á vefsvæðum og fara í vettvangsferðir. Námsefnið er samþætt við aðrar námsgreinar og áhersla lögð á samvinnunám, hópastarf og sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

Námsefni: *Ísland áður fyrir –Fjölskyldan og Heimilið, Komdu og skoðaðu landnámið, Ísland– veröld til að njóta, Landshorna á milli* (lesbók og verkefni), ýmsar bækur sem tengjast þemavinnu, myndbönd, kennsluforrit, kortabók og hnattlíkan, tóvinnukassi Minjasafnsins.

Uppákomur og heimsóknir: Heimsókn á Iðnaðarsafnið og Minjasafnið, jólavaka í Minjasafnskirkju. Þemadagar í nóvember.

Heimanám: Ekkert reglulegt en stundum þarf að lesa heima og undirbúa sig fyrir vinnu í skóla. Heimanám er samþætt við aðrar námsgreinar.

Námsmat: Verkefni metin og áhugi og samvinna nemenda. Nemendur eru spurðir munnlega um viðfangsefni sín. Símat. Umsögn gefin við annaskipti.

Kennslustundafjöldi á viku: 2, kennt í þemum.

Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Aðaláherslur: Að nemendur þekki í grófum dráttum muninn á *Gamla* og *Nýja testamentinu* og vinni með sögur úr *Bíblíunni*. Að nemendur auki þekkingu sína á jóla- og páskahátíðum, kunni skil á guðsþjónustunni og öðrum athöfnum í íslensku þjóðkirkjunni. Nemendur öðlist innsýn í kristilegt

siðgæði, tileinki sér samskiptareglur sem byggjast á kærleika og umhyggju fyrir öðrum mönnum, öllu lífi og umhverfi.

Kennsluhættir: Bókin *Birtan* lesin og rædd og síðan unnið með efnið á ýmsan hátt.

Námsefni: *Birtan* og vinnubók unnin í skólanum.

Uppákomur og heimsóknir: Glerárkirkja heimsótt.

Heimanám: Ekkert reglulegt.

Námsmat: Umsögn gefin við annaskipti. Símat á vinnusemi og áhuga nemenda.

Kennslustundafjöldi á viku: 1 kennslustund á viku, kennt er í mismunandi löngum lotum.

Náttúrufræði og umhverfismennt

Aðaláherslur í lífvísindum: Að nemendur kynnist hringrás efna í náttúrunni. Að þeir þekki nokkra flokka dýra s.s. spendýr, fugla og fiska. Þeir þekki helstu íslensku trjátegundirnar og geti nefnt dæmi um íslenska far- og staðfugla. Þeir kynnist fjölbreytni plantna og dýra, fæðukeðjum og áhrifum vinds, vatns, hita og raka á lífríkið. Þekki algengar plöntur í nánasta umhverfi sínu.

Aðaláherslur í eðlisvísindum: Skoðað hvað verður um efni sem leyst hafa verið upp í vatni, hvers konar hlutir fljóta best, hvernig hljóð myndast og mikilvægi þess að endurvinnna hluti og spara orku.

Aðaláherslur í jarðvísindum: Efla skilning nemenda á mikilvægi hreinnar náttúru og hvernig hægt er að nýta auðlindir jarðar. Fjallað um gildi endurvinnslu og endurnýtingar, helstu einkenni jarðhitasvæða, nýtingu jarðvarma og fallvatna.

Kennsluhættir: Námsefnið í náttúrufræði verður samþætt við samfélagsfræði. Nemendur rannsaki nánasta umhverfi skólans og afli sér reynslu og þekkingar með rannsóknum, viðtölum og lestri bóka. Stefnt er að því að fara í ýmsar vettvangsferðir til að skoða umhverfið. Nemendur vinna verkefni saman í þörum, hópum eða einstaklingslega. Ýmsir námsvefir og myndbönd tengd efninu skoðuð. Gerðar verða ýmsar tilraunir til dæmis með hljóð og vatn og ljós og skugga.

Námsefni: *Komdu og skoðaðu hringrásir, Komdu og skoðaðu mannkynssöguna, Land og líf, Náttúran allan ársins hring, valdir kaflar. Ruslaskrímlið, Ísland landið okkar, Hljóðið -Ekki er allt sem sýnist.*

Uppákomur og heimsóknir: Vettvangsferðir í næsta nágrenni skólans og gönguferð í Krossanesborgir. Endurvinnslan heimsótt. Umhverfisdagur Síðuskóla.

Heimanám: Nemendur þurfa stundum að lesa heima og undirbúa sig fyrir vinnu í skóla, safna upplýsingum eða vinna verkefni.

Námsmat: Verkefnavinna, áhugi og samvinna nemenda metin, nemendur eru spurðir munnlega um viðfangsefni sín. Símat. Umsögn gefin á haust- og vorönn.

Kennslustundafjöldi á viku: 2, kennt í þemum.

Lífsleikni

Aðaláherslur: Að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að virða reglur í mannlegum samskiptum, geti túlkað mismunandi tilfinningar, geti sett sig í spor deiluaðila og leitað sáttaleiða, geti fundið til samkenndar með ólíkum persónum, séu færir um að setja sér markmið að eigin frumkvæði t.d. varðandi heimanám og geti tjáð tilfinningar sínar. Nemendur læri umferðareglur og umferðarmerki og viti hvað reiðhjól þurfa að hafa til að vera lögleg í umferðinni.

Kennsluhættir: Nemendur vinna í hópum eða pörum að verkefnum og áhersla er lögð á samvinnu, kurteisi og að þeir taki tillit til hvers annars. Haldnir eru bekkjarfundir þar sem áhersla er lögð á að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og bæta samskipti nemenda. Reglulega eru kenndar og æfðar reglur í SMT skólafærni.

Námsefni: *Góða ferð* – umferðarfræðsla, *SMT—reglur*.

Uppákomur og heimsóknir: Umferðarfræðsla frá lögreglunni. Hjúkrunarfræðingur heimsækir bekkinn þar sem hún fjallar um hreinlæti og slysavarnir.

Heimanám: Samþætt við aðrar námsgreinar.

Námsmat: Frammistaða metin í tímum en einnig lagt mat á hegðun og framkomu í skólanum við skólasystkini og starfsfólk. Umsögn gefin við annaskipti og er hún hluti af námsmati fyrir hegðun.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Erlend tungumál

Enska

Aðaláherslur: Markmið kennslunnar er að byggja upp orðaforða og að nemendur skilji einföld fyrirmæli. Einnig að þeir geti kynnt sig, heilsað og kvatt.

Kennsluhættir: Kennarinn talar eins mikla ensku í tímum og kostur er og fær nemendur til þess að nota algeng orð og orðasambönd. Orðaforðinn lagður inn og síðan unnið með hann. Hlustun, leikir, söngur, samtöl og einföld verkefnavinna.

Námsefni: *Right on*, *Barnaorðabók* og ýmislegt efni frá kennara.

Heimanám: Nemendur þurfa stundum að vinna heimavinnu.

Námsmat: Frammistaða og virkni.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennarar: 4. SG Torfhildur Stefánsdóttir, 4. SS Anna Sigrún Rafnsdóttir.

Heimilisfræði

Aðaláherslur: Að fara yfir hreinlætisreglur þegar unnið er í eldhúsi og notkun rafmagnstækja. Að nemendur læri að vinna eftir skriflegum uppskriftum. Þeir geri einfalda rétti og fjallað verður um korn og kornflokk, um morgunmat og nesti. Nemendur þjálfist í uppvaski. Þeir kynnist helstu bakstursaðferðum t.d. hrærðu deigi, hnoðuðu og gerdeigi. Nemendur læri að gera sér hollan morgunverð og léttar máltíðir og læri ákveðin atriði í næringarfræði.

Kennsluhættir: Í byrjun hvers tíma er rætt um hvað á að gera og hvernig. Nemendum skipt í vinnuhópa. Notuð er verkleg kennsla, sýnikennsla og bókleg kennsla. Kennari gengur á milli nemenda og kennir rétt vinnubrögð og útskýrir nánar eftir getu hvers og eins.

Verkefni: Fléttubrauð, kakó, hafragrautur, eggjabrauð, súkkulaðismákökur, kjötkúlur með súrsætri sósu, sólgrjónabrauð, skinkuhyrnur, grænmetissalat, tebollur, pizza, eggjabrauð og fleira.

Námsefni : *Hollt og gott* 3 námsefni fyrir 4. bekk og verkefni frá kennara.

Námsmat: Frammistaða og hegðun metin eftir hvern tíma. Meðaltal tekið af öllum tímum við

einkunnagiöf.

Kennslustundafjöldi á viku: Nemendur fá 2 stundir hálfan veturinn.

Kennarar: 4. SS Arnfríður Jóhannsdóttir, 4. SG Erna Guðjónsdóttir.

Íþróttir – líkams- og heilsurækt

Skólaíþróttir

Aðaláherslur: Að nemendur tileinki sér góða umgengni, hreinlæti og kurteisi. Efli færni í leikjum og æfingum, auki athygli og einbeitingu svo og kraft, þol, þrek og fimi. Nemendur bæti einnig grunnfærni í tækni og leikskilningi í knattleikjum og tileinki sér hreyfingu sem bæti úthald og styrk. Að nemendur tileinki sér leiki og markvissar æfingar sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrki fín- og grófhreyfingar. Að nemendur viðhaldi meðfæddum liðleika í liðamótum og böndum.

Kennsluhættir: Sýnikennsla þar sem kennari sýnir og kennir nemendum æfingar og leiki og fær nemendur til að sýna. Nemendur vinna mikið í hópum en þó einnig með einstaklingsæfingar sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð. Ef nemendur geta ekki einhverja hluta vegna tekið þátt í íþróttum eða ekki farið í sturtu eiga þeir að koma með miða frá foreldrum eða forráðamönnum þess efnis. Nemendum er ekki heimilt að mæta í skóm en mega nota tátíljur eða stjórnusokka.

Námsefni: Hreyfileikir, boltaleikir, hringþjálfun, stöðvaþjálfun, fimleikar, frjálssar íþróttir, styrktaræfingar, jafnvægisæfingar, knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, bandý.

Námsmat: Virkni í tímum, áhugi og ástundun gildir 50 %, félagsfærni/samskipti og hegðun 20 % og færni 30 %.

Kennslustundafjöldi á viku: 2.

Kennarar: Hansína Gunnarsdóttir og Rainer Jessen.

Skólasund

Aðaláherslur: Áframhaldandi uppbygging sundnáms frá fyrstu þremur skólaárunum en aukin áhersla á grunnhreyfingar sundtaka í bringu-, skrið- og baksundi. Markmið er að nemendur uppfylli kröfur 4. stigs í lok skólaárs samkvæmt *Aðalnámsskrá grunnskóla*. Þegar nemendur hafa lokið 4. sundstigi eiga þeir að geta bjargað sér í og úr vatni og synt án aðstoðar. Nemendur geta þá sótt sundstaði utan skólatíma án þess að vera í fylgd með fullorðnum því þau teljast synt.

Kennsluhættir: Leiðbeiningar, sýnikennsla og skýringar bæði af bakka og ofan í laug. Nemendur vinna bæði sjálfstætt og í hópum. Æskilegt er að nemendur mæti með sundgleraugu og í skólasundi er óheimilt að nota stuttbuxur (strandbuxur), aðeins er leyfður hefðbundinn sundfatnaður (sundskýlur og sundbolir).

Námsefni: Bringusunds- og skólabaksundsæfingar. Skriðsunds- og baksundsæfingar. Kafsunds- og stunguæfingar.

Leikir: Boltaleikir. Boðhlaups- og boðsundsleikir. Brettaboðhlaup- og dýnuboðsundsleikir. Eltingaleikir eins og stórfiskur. Kafsundsleikir eins og strútur.

Námsmat: Nemendur taka eitt stöðupróf á miðjum vetri og síðan lokapróf í 4. sundstigi að vori. Prófeinkunn gildir 30% á móti virkni, áhuga og ástundun nemenda í tímum, sem gildir 50% og félagsfærni/samskipti og hegðun 20%.

4. sundstig: 25 m bringusund, 12 m skólabaksund, 12 m skriðsund, 12 m baksund, stunga úr kropstöðu af bakka.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennarar: Páll Gíslason, Hansína Gunnarsdóttir og Rainer Jessen.

Listgreinar

Myndmennt

Aðaláherslur: Að þjálfna nemendur til þess að þeir geti notað eigin hugmyndir, þekkingu og reynslu í margs konar efni við með fjölbreyttum vinnubrögðum. Að efla hugmyndaflug, sjálfstæði og sköpunarhæfileika þeirra.

Kennsluhættir: Verkleg kennsla, hópinnlögn og einstaklingsaðstoð. Mikið lagt upp úr sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni. Unnið verður skipulega með frumlitina, litablöndun og grunnformin. Farið verður í grunnþætti í teikningu, ásamt pappírsmótun, klippimyndir og þrykk ýmis konar. Farið út í náttúruna og efni safnað, unnið með steina, greinar, strá og laufblöð.

Námsgögn: *Markviss myndörvun, Myndmennt I*, ýmislegt efni frá kennara, bækur af bókasafni, netið og ýmislegt fleira.

Námsmat: Símat, þar sem vinnusemi, frumkvæði, áhugi og frágangur nemenda er metin, umsögn gefin við annaskipti.

Kennslustundafjöldi á viku: 2.

Kennari: Guðný Lára Gunnarsdóttir.

Textilmennt

Aðaláherslur: Nemendur læri að þræða yfirtvinna á saumavél og sauma nytjahlut. Þeir læri að fitja upp, þrjúna garðarþjón, fella af, ganga frá endum og sauma saman. Nemendur læri að nota útsaum til skreytingar á efni. Áhersla er lögð á sköpunargleði nemanda, góða umgengni og vönduð vinnubrögð.

Kennsluhættir: Innlögn, sýnikennsla, einstaklingskennsla og verklegar æfingar. Lögð er áhersla á samvinnu ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Verkefni: Lítið stykki þrjúnað. Gera nálarpúða sem þeir sauma út í. Verkefni með saumavél er þúði sem nemendur skreyta með vélsaumuðum mynstrum. Ýmis smáverkefni og ullarþæfing.

Námsgögn: Filt, léreft, ýmis konar garn, strammar og ull.

Námsmat: Umsögn gefin við annaskipti. Verkefni metin og gilda 60 % af einkunn á móti vinnu í kennslustundum sem metin er jafnt og þétt.

Kennslustundafjöldi á viku: 2 tímar hálfan veturinn.

Kennari: Guðfinna Sverrisdóttir.

Dans

Aðaláherslur: Að nemendur efla eigin hreyfigetu, þekki og skynji hreyfimyndur hópa svo sem raðir, hringi, skálinur og að fylgja öðrum. Nemendur læri einföldustu grunnspor í samkvæmisdönsum og gömlu dönsunum. Þeir læri að skynja hrynjanda í tónlist og læri að láta hreyfingu fylgja takti og nái samhæfingu handa og fóta. Áhersla er lögð á að nemendur þekki og nýti sér almennar kurteisvenjur í samskiptum þ.e.a.s. bjóða upp í dans, vinna í hópi, taka tillit til annarra og sýna gagnkvæma virðingu.

Kennsluhættir: Sýnikennsla fer fram í öllum tímum þar sem kennari sýnir nemendum spor og dansa.

Nemendur læra að hita upp með ýmsum hreyfingum í takt við tónlist. Í lok hvers tíma fá nemendur að fara í hina ýmsu leiki með tónlistarívafi.

Dansar: Cha Cha spor (frumspor+ny+sp.turn+hand to hand), Partí polki (fullorðins aðferð), Jive frumspor, Samba frumspor og wisk með heilum slætti, Klappenade, Hlöðudans, Ómars kántrý og Enskur vals (hægri kassi).

Leikir: Stoppdans, Töludans og Ásadans.

Námsmat: Símat þar sem frammistaða nemenda er metin eftir áhuga og getu og umsögn gefin við annaskipti.

Uppákomur og heimsóknir: Foreldrum er boðið að koma í heimsókn og fylgjast með í lok vorannar.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennari: Jóhanna Elín Halldórsdóttir.

Tónmennt

Aðaláherslur: Mest verður lagt upp úr söng og sungnar vísur og textar sem tengast árstíðunum. Nemendur læri um takt (púls og laghryn) og leiki á einföld ásláttarhljóðfæri.

Kennsluhættir: Lögín æfð með textum og einnig notuð einföld ásláttarhljóðfæri. Nemendur læri einfalda keðjusöngva og læri að spila létt lög á ásláttarhljóðfæri.

Námsefni: *Tónmennt 4. hefti kennslubók. Tónmennt 4. hefti söngvasafn. Syngjandi skóli og Nýir skólasöngvar.*

Námsmat: Frammistaða í tímum metin.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennari: Gunnar Halldórsson.

Upplýsinga- og tæknimennt

Aðaláherslur: Að nemendur tileinki sér rétta fingrasetningu, nái nokkrum hraða og geti ritað einfalda texta í ritvinnslu. Nemendur geti notað tölvu til að skrifa, teikna og prenta eigin verk, geri greinarmun á kennsluforritum og leikjum og temji sér ákveðnar umgengnisreglur gagnvart tölvum. Nemendur þjálfist í að nota bókasafnið til að leita upplýsinga varðandi verkefni sem þeir vinna og fá kynningu á ýmsum tegundum bókmennta.

Kennsluhættir: Fingrasetning er æfð í tölvuveri með kennsluforritinu Ritfinnur. Unnið er í hópum eða pörum á bókasafni skólans.

Námsefni: *Ritfinnur* og ýmis verkefni.

Námsmat: Vinnusemi og áhugi metinn. Umsögn við annaskipti.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennarar: Bekkjarkennarar og Guðrún Níelsdóttir á skólasafni.

Hönnun og smíði

Aðaláherslur: Að nemendur þekki helstu yfirflokka verkfæra og notagildi þeirra. Læri rétta beitingu verkfæra og meðhöndlun þeirra og geti valið heppilegt smíðaefni í sína hluti út frá notagildi og útliti. Þrjú skylduverkefni eru á önninni þar sem komið er inn á vinnu með brennipenna, tifsög, málningu og lakk. Lögð er rík áhersla á góða umgengni og að nemendur gæti fyllsta öryggis við sína vinnu. Nemendur eiga að halda saman gögnum yfir útfærslu hugmynda sinna að verkefnum í sýnismöppu.

Kennsluhættir: Algengast er þegar byrjað er á nýju verkefni eða þegar nýtt verkfæri eða vinnuaðferð er tekin fyrir að þá sé sýnikennsla notuð. Verkleg æfing er stundum notuð í framhaldi af sýnikennslu til að þjálfa nemendur í að beita verkfærum rétt og til að nemendur tileinki sér rétt vinnubrögð. Þegar nemendur eru byrjaðir á sínum verkefnum þá fær hver nemandi leiðsögn og aðstoð eftir þörfum.

Verkefni: Snagi, púsluspil og mörgæs. Önnur verkefni eru í samráði við kennara og taka mið af áhuga og getu nemenda.

Námsmat: Símat, þar sem mat er lagt á hugmyndaauðgi og hönnun, umgengni og hegðun, verkfærni, vandvirkni, iðni og afköst. Þessir þættir gilda 40 % á móti verkefnum sem gilda 60 %.

Kennslustundafjöldi á viku: 2 tímar hálfan veturinn.

Kennari: Gunnlaugur Jóhannsson.